

Persónuverndarstefna Þingiðnar

Persónuverndarstefna og lýsing á vinnslu persónuupplýsinga Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum.

1. Ábyrgðaraðili og persónuverndarfulltrúi

Ábyrgðaraðili að vinnslustarfsemi er Þingiðn, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum kt. 490272-4109. Persónuverndarfulltrúi stéttarfélagsins er Halldór Oddsson; Sími 5355600, netfang halldoro@asi.is.

2. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga

Tilgangur vinnslu stéttarfélagsins er margbreyttur en í grundvallaratriðum er hann þríþættur:

2.1. Veita tiltekna þjónustu skv. lögum og reglum félagsins

Í fyrsta lagi er tilgangur vinnslu stéttarfélagsins að veita félagsmönnum stéttarfélagsins tiltekna þjónustu. Sú þjónusta er m.a. skilgreind í lögum félagsins. Hluti af þessari þjónustu á sér stað á vegum sjúkrasjóðs, orlofssjóðs eða fræðslusjóðs félagsins. Er þá félagsmaðurinn beðinn um tilteknar upplýsingar til þess að unnt sé að afgreiða mál hans, t.a.m. kvitanir vegna styrks til náms, upplýsingar um greiðslu veikindadaga hjá atvinnurekanda o.fl. Þá eru upplýsingar úr félagsskrá um greiðslu iðgjalda til félagsins nýttar til þess að staðreyna réttinn og eftir atvikum fjárhæð réttinda í samræmi við reglur sjóða félagsins. Þar að auki er þjónusta veitt vegna kjaramála sem koma á borð félagsins. Slík kjaramál styðjast að meginstefnu við upplýsingar sem félagsmaðurinn er beðinn um að afhenda kjaramálafulltrúa svo unnt sé að fara í mál fyrir hann, t.d. launaseðla, bankayfirlit, staðgreiðsluyfirlit Ríkisskattstjóra, tímaskrift o.fl. Í þessum tilfellum byggist vinnsla persónuupplýsinga fyrst og fremst á samþykki félagsmannsins, sbr. 1. tölul. 9. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga* og þar að auki eftir atvikum á 2. og 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. sömu laga ef upplýsingarnar teljast viðkvæmar í skilningi laganna.

2.2. Mótun kröfugerðar fyrir hönd félagsmanna

Í öðru lagi er tilgangur vinnslu stéttarfélagsins mótnun kröfugerðar f.h. félagsmanna. Í hana eru notaðar launaupplýsingar félagsmanna, sem fengnar eru í gegnum upphæð iðgjalda til félagsins. Byggist sú vinnsla persónuupplýsinga á 6. tölul. 9. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga* enda lykilupplýsingar við mótnun kröfugerðar félagsins f.h. félagsmanna og í samræmi við tilgang félagsins.

2.3. Fullnusta lagaskyldu

Í þriðja lagi felst tilgangur vinnslu stéttarfélagsins í fullnustu lagaskyldu. Sem dæmi þá er kveðið um í b. liði 1. mgr. 7. gr. *laga nr. 97/2002, um atvinnurétti útlendinga*, skal umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags eða landssambands launafólks liggja fyrir vegna afgreiðslu tímabundins atvinnuleyfis. Í þeim tilvikum sem stéttarfélagið er beðið um að veita umsögn er tekin afstaða til atvinnuleyfis tekin á grundvelli upplýsinga sem féluginu eru veittar og í ákveðnum tilvikum upplýsinga sem félagið aflar frá opinberum aðilum. Þá byggist vinnslan á 3. tölul. 9. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga* og eftir atvikum 2. og 4. tölul. 1.

mgr. 11. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga* ef upplýsingarnar teljast viðkvæmar í skilningi laganna.

3. Hverjir eru skráðir einstaklingar hjá stéttarféluginu? Hvaða upplýsingar hefur félagið aðgang að?

Skráðir einstaklingar hjá stéttarféluginu eru félagsmenn þess auk þeirra einstaklinga, sem sótt hafa um atvinnuleyfi og félagið beðið um umsögn um þann einstakling. Til viðbótar hefur félagið aðgang að upplýsingum úr Þjóðskrá um einstaklinga og fyrirtæki.

3.1. Iðgjaldasaga

Stéttarfélagið hefur í *fyrsta lagi* aðgang að iðgjaldasögu félagsmanns og þar með upplýsingar um launakjör hans hjá atvinnurekanda, eða hvort annar, t.a.m. Fæðingarorlofssjóður eða Greiðslustofa atvinnuleysisbóta, hafi greitt af félagsmanni til stéttarfélagsins.

3.2. Aðstoð vegna kjaramáls

Í *öðru lagi* eru til staðar upplýsingar um hvort félagsmaður hafi leitað fulltingis félagsins vegna kjaramáls, þ.m.t. vegna vangoldinna launa og uppsagna. Í þeim málum er iðulega beðið um launaseðla, bankayfirlit, staðgreiðsluyfirlit Ríkisskattstjóra, tímaskrift og fleiri upplýsingar eftir atvikum. Félagsmaðurinn sækir viðkomandi upplýsingar sjálfur og afhendir stéttarféluginu.

3.3. Umsókn um styrk í sjóði félagsins

Þá eru í *priðja lagi* til staðar upplýsingar um hvort félagsmaður hafi sótt um styrk eða styrki í sjóði félagsins, hvaða styrk er um að ræða og upphæð styrksins. Þar að auki, hafi félagsmaður keypt afsláttarmiða eða nýtt annarra hlunnindi hjá féluginu, er það einnig skráð. Jafnframt er skráð ef félagsmaður er settur á bannlista vegna slæmrar umgengni um orlofshús stéttarfélagsins.

3.4. Umsókn um sjúkradagpeninga og meðfylgjandi gögn

Í *ffjórða lagi* eru upplýsingar um hvort að félagsmaður hafi sótt um sjúkradagpeninga í sjúkrasjóð félagsins vegna veikinda eða annarra aðstæðna, upphæð styrksins auk allra gagna sem slíkri umsókn fylgja, t.d. læknisvottorð, sjúkradagpeningavottorð og vottorð atvinnurekanda um veikindadaga starfsmanns.

3.5. Upplýsingar úr Þjóðskrá

Í *fimmta lagi* hefur stéttarfélagið upplýsingar úr Þjóðskrá um félagsmenn. Þar með talðar eru lögheimili, hjúskaparstaða og hver maki félagsmannsins er ef á við, þjóðerni og kennitala.

4. Eyðing persónuupplýsinga

Meginreglan er sú að persónuupplýsingum sé í síðasta lagi eytt við lok almanaksárs þess, sem er sjö ára frá öflun þeirra upplýsinga. Iðgjaldasaga félagsmanns, þ.m.t. upplýsingar um greiðslur úr sjúkrasjóðum félugins, auk upplýsinga um aðstoð félagsins í kjaramálum eru aftur á móti undantekningar. Öllum upplýsingum sem aflað er í sambandi við kjaramál, t.d. launaseðlum og tímaskriftum, er þó eytt í samræmi við meginregluna.

5. Vinnsluaðilar stéttarfélagsins

Dk Vistun ehf. kt. 491182-0169

- Hugbúnaðarfyrirtæki sem rekur félaga- og bókhaldskerfi félagsins.

Advania Ísland ehf. kt. 590269-7199

- Fyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem sér um hýsingu á gögnum félagsins að undanskildu félaga- og bókhaldskerfi.

Dorado ehf. kt. 520814-0860

- Hugbúnaðarafyrirtæki sem rekur orlofsvefinn Frímann fyrir félagið.

6. Tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir

Félagakerfi stéttarfélagsins er aðgangsstýrt til þess að tryggja ýtrastu persónuvernd skráðra einstaklinga. Einungis þeir starfsmenn, sem þurfa nauðsynlega aðgang að tilteknum upplýsingum um skráðan einstakling vegna vinnu starfsmannsins f.h. stéttarfélagsins, hafa aðgang að viðkomandi upplýsingum.

Nánari leiðbeiningar til félagsmanna

Hvenær má ég óska eftir því að upplýsingar um mig séu leiðréttar, þeim eytt eða vinnsla þeirra takmörkuð?

Undir vissum kringumstæðum átt þú, sem félagsmaður hjá stéttarfélagi, rétt á að fá tilteknum upplýsingum um þig leiðréttar, fá þeim eytt eða takmarka vinnlu þeirra. Byggjast þessi réttingi á 1. mgr. 20. gr. *Persónuverndarlaga* og 16. - 18. gr. reglugerð 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

1. Leiðrétting

Hinn skráði á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar er varða hann sjálfan leiðréttar af stéttarfélagi án ótilhlýðilegrar tafar. Að teknu tilliti til tilgangsins með vinnslunni skal hinn skráði eiga rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar.

2. Eyðing – Rétturinn til að gleymast

Hinn skráði á rétt á að stéttarfélagið eyði persónuupplýsingum um sig án ótilhlýðilegrar tafar ef ein eftirtalinna ástæðna á við:

- a. Persónuupplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra eða annarri vinnslu þeirra.
- b. Hinn skráði dregur til baka samþykkið sem vinnslan byggist á og enginn annar lagagrundvöllur sbr. 9. gr. *Persónuverndarlaga* er til staðar fyrir vinnslunni.
- c. Hinn skráði andmælir vinnslunni í samræmi við persónuverndarlög og ekki eru fyrir hendi lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem ganga framar.
- d. Eyða þarf persónuupplýsingunum til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á stéttarfélaginu skv. lögum.

3. Takmörkun á vinnslu

Við eftirfarandi kringumstæður getur hinn skráði krafist þess að vinnsla persónuupplýsinga sé takmörkuð:

- a. Þegar hinn skráði vefengir að persónuupplýsingar séu réttar, skal takmarka vinnslu þeirra þangað til ábyrgðaraðilinn hefur fengið tækifæri til að staðfesta að þær séu réttar.
- b. Þegar vinnsla er ólögmæt og hinn skráði andmælir því að persónuupplýsingunum sé eytt og fer fram á takmarkaða notkun þeirra í staðinn.
- c. Þegar stéttarfélagið þarf ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda fyrir vinnsluna en hinn skráði þarfnað þeirra til þess að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur,

d. Þegar hinn skráði andmælir vinnslu skal takmarka hana á meðan beðið er sannprófunar á því hvort hagsmunir stéttarfélagsins gangi framar lögmætum hagsmunum hins skráða.

Hvað er andmælaréttur og hvenær má ég andmæla vinnslu persónuupplýsinga um mig?

Andmælaréttur er réttur til þess að biðja ábyrgðaraðila, þ.e. stéttarfélagið, um að hætta vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga. Skv. lögum á einstaklingur rétt á að biðja stéttarfélagið um að hætta vinnslu persónuupplýsinga um sig ef vinnslan byggist á 5. eða 6. tölul. 9. gr. *Persónuverndarlaga*.

5. tölul 9. gr. *Persónuverndarlaga* heimilar vinnslu sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmunu eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með.

Þá kemur fram í 6. tölul. 9. gr. *Persónuverndarlaga* að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil ef hún er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmunu sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður gætir nema hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefjast verndar persónuupplýsinga vegi þyngra, einkum þegar hinn skráði er barn.

Byggist vinnsla persónuupplýsinga þannig á öðrum grundvelli, t.d. á grundvelli þess að stéttarfélagið þurfi að vinna tilteknar persónuupplýsingar á vegna lagaskyldu, er því ekki skylt að taka tillit til andmæla félagsmanns.

Verklagsreglur Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum kt. 490272-4109 vegna vinnslu persónuupplýsinga

1. Persónuverndarstefna stéttarfélagsins

Öll meðferð persónuupplýsinga hjá Þingiðn, félagi iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum kt. 490272-4109 skal uppfylla ýtrustu kröfur persónuverndarlögjafar hverju sinni. Í því sambandi er lykilatriði að starfsfólk stéttarfélagsins fái fræðslu um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, bæði grundvallaratriði réttarsviðsins og hvaða sérreglur kunna að eiga við um starfssvið starfsmannsins. Þá skulu upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga á vegum stéttarfélagsins vera aðgengilegar félagsmönnum stéttarfélagsins.

2. Almennar reglur

2.1. Sanngirni og gagnsæi

Öll vinnsla hjá stéttarfélaginu skal fara fram á sanngjarnan og gagnsæjan hátt. Skal stéttarfélagið leggja sig fram við það að byggja vinnslu persónuupplýsinga í sem flestum tilvikum á samþykti hins skráða.

2.2. Lögmætir hagsmunir og meðalhóf

Stéttarfélagið hefur margbreytta lögmæta hagsmuni af vinnslu persónuupplýsinga um félagsmenn. Í grundvallaratriðum má þó segja að þeir hagsmunir snúist að standa vörð um hagsmuni félagsmanna eða veita félagsmönnum tiltekna þjónustu skv. reglum félagsins. Við vinnslu allra persónuupplýsinga, skulu lögmætir hagsmunir vinnslu auk meðalhófs ávallt höfð í fyrirrúmi.

2.3. Söfnun persónuupplýsinga

Við söfnun persónuupplýsinga skal ávallt gæta að meginreglum persónuverndarlagu. Sér í lagi skal gæta meðalhófs við söfnun upplýsinga og að áreiðanleika þeirra. Komi í ljós að tilteknar upplýsingar séu á engan hátt nauðsynlegar vegna tiltekins máls, skal þeim eytt við fyrsta tækifæri.

2.4. Upplýsingar sem veittar eru skráðum einstaklingum og almenningi

Allar upplýsingar um skráðan einstakling, sem stéttarfélagið hefur að geyma, skal veita hinum skráða einstaklingi eins fljótt og unnt er. Skal hinn skráði auðkenna sig með tryggum hætti áður en upplýsingarnar eru veittar.

EKKI skal veita almenningi upplýsingar um einstaka félagsmenn eða einstök mál þeirra, sem eru í vinnslu hjá stéttarfélaginu. Víkja má frá þessari meginreglu standi til þess veigamikil rök og skýr vinnsluheimild skv. persónuverndarlögum. Skal í þeim tilvikum taka tillit til eðli upplýsinganna og þýðingu veitingu þeirra fyrir hinn skráða einstakling. Þar að auki skal leita heimildar/ráðgjafar persónuverndarfullrúua.

2.5. Réttindi hins skráða

Skv. persónuverndarlögum hefur hinn skráði tiltekin réttindi hjá stéttarfélaginu sem ábyrgðar- og vinnsluaðila og eru þau upplistuð í þessu ákvæði. Vilji skráður einstaklingur neyta réttar síns hjá stéttarfélaginu skal leggja fram beiðni þess efnis með skriflegum hætti við skrifstofu félagsins.

2.5.1. Upplýsinga- og aðgangsréttur

Hinn skráði á rétt til upplýsinga um vinnslu, hvort sem persónuupplýsinga er aflað hjá honum sjálfum eða ekki, svo og rétt til aðgangs að persónuupplýsingum um sig, sbr. 2. mgr. 17. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*

2.5.2. Réttur til leiðrétingar, eyðingar og takmörkunar vinnslu

Hinn skráði á rétt á að fá rangar, villandi eða ófullkomnar persónuupplýsingar um sig leiðréttar, þeim eytt og til að takmarka vinnslu, sbr. 1. mgr. 20. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga* Stéttarfélagið skal tilkynna sérhverjum viðtakanda, sem fengið hefur persónuupplýsingar í hendur, um hvers kyns leiðréttið eða eyðingu persónuupplýsinga eða takmörkun á vinnslu sem á sér stað. Þá skal stéttarfélagið tilkynna hinum skráða um þessa viðtakendur fari hann fram á það.

2.5.3. Flutningsréttur

Hinn skráði á rétt á að fá persónuupplýsingar um sig, sem hann hefur sjálfur látið ábyrgðaraðila í té, á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og jafnframt á að senda þessar upplýsingar til annars ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. 20. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*

2.5.4 Andmælaréttur

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu persónuupplýsinga byggist hún á 5. eða 6. tölul. 9. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*, þ.m.t. er vinnsla sem byggist á því að hún sé nauðsynleg vegna lögmætra hagsmunar sem stéttarfélagið gætir og vega þyngra heldur en hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða.

2.6. Notkun gerviauðkenna og annarra tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana

Sé auðkenning á persónu ekki nauðsynleg á grundvelli hlutlægra ástæðna vegna tilgangs vinnslu persónuupplýsinga skal ávallt leitast eftir því að nota gerviauðkenni eða grípa til annarra tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana til þess að tryggja öryggi persónuupplýsinga og draga úr áhættu hins skráða.

2.7. Ábyrgð ábyrgðaraðila og innbyggð og sjálfgefin persónuvernd

Stéttarfélagið skal ávallt sjá til þess að vinnsla persónuupplýsinga hjá því sé í samræmi við persónuverndarlöggjöf hverju sinni. Stéttarfélagið skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja og sýna fram á að vinnslan fari fram í samræmi við persónuverndarlöggjöf, með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu fyrir réttindi og frelsi hinna skráðu í samræmi við 23. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga* Með hliðsjón af þeim þáttum og nýjustu tækni og kostnaði skal stéttarfélagið gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, sem hannaðar eru til að framfylgja meginreglum um persónuvernd með skilvirkum hætti og fella nauðsynlegar verndaráðstafanir inn í vinnsluna til að uppfylla kröfur persónuverndarlöggjafar, þegar ákveðnar eru aðferðir við vinnslu og þegar vinnsla fer fram. Skal að öðru leyti mið tekið af 1. mgr. 24. gr. persónuverndarlaga *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*.

Þá skal stéttarfélagið gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja að sjálfgefið sé að einungis þær persónuupplýsingar séu unnar sem nauðsynlegar eru vegna tilgangs vinnslu. Gildir það um hversu miklum

persónuupplýsingum er safnað, að hvaða marki unnið er með þær, hversu lengi þær eru varðveittar og aðgang að þeim. Einkum skal tryggja með slíkum ráðstöfunum að það sé sjálfgefið að persónuupplýsingar verði ekki gerðar aðgengilegar ótakmörkuðum fjölda fólks án íhlutunar viðkomandi einstaklings. Að öðru leyti skal tekið mið af 2. mgr. 24. gr. *laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*

Loks skal stéttarfélagið ganga úr skugga um að allir samningar við vinnsluaðila tryggi að vinnsla sem fer fram af þeirra hálfu fyrir hönd stéttarfélagsins uppfylli allar kröfur persónuverndarlöggjafar hverju sinni.

2.8. Öryggisbrot

Eigi sér stað öryggisbrot skal það tilkynnt Persónuvernd við fyrsta tækifæri og ekki seinna en 72 klst. frá því að stéttarfélagið verður við það vart. Innan sömu tímamarka skal félagsmönnum og öðrum skráðum einstaklingum tilkynnt um öryggisbrotið á tryggan og áreiðanlegan hátt.

2.9. Eyðing

Meginreglan er sú að persónuupplýsingum skuli í síðasta lagi eytt við lok almanaksárs þess, sem er sjö árum frá öflun þeirra upplýsinga. Iðgjaldasaga félagsmanns, þ.m.t. upplýsingar um greiðslur úr sjúkrasjóðum félagsins, greiðslur úr sjóðum félagsins auk upplýsinga um aðstoð félagsins í kjaramálum eru aftur á móti undantekningar. Öllum upplýsingum sem aflað er í sambandi við kjaramál, t.d. launaseðlum og tímaskriftum, er þó eytt í samræmi við meginregluna.

3. Samráð við Persónuvernd

Umfram það sem fram kemur í persónuverndarlögum, skal persónuverndarfulltrúi f.h. stéttarfélagsins skal ávallt leita eftir samráði við Persónuvernd, eða annað viðeigandi eftirlitsvald á svið persónuverndar, komi upp álitaefni á sviði persónuverndar hjá stéttarfélaginu sem ekki er unnt að leysa innan þess.